



Fundargerð

267. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll

19. mars 2021, kl. 08:15

Viðstaddir: Eysteinn Eyjólfsson formaður, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkhartur Ibsen, Róbert J. Guðmundsson, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sigmundur Eypórsson tæknifræðingur og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa nr. 301 (2021010027)

Lögð fram til kynningar fundargerð nr. 301, dagsett 9. mars 2021, í 11 liðum með fullnaðarafgreiðslum erinda.

2. Borgarvegur 24 - Leiðrétting á lóðarmörkum (2020110238)

Sei ehf. sækir um leiðréttingu fyrir hönd eigenda á lóðarmörkum Borgarvegs 24. Að afrein verði fjarlægð og að lóðin mælist 23x30 m, eins og í upphafi í samræmi við önnur opinber gögn. Lóðin er í samræmi við útgefið lóðarblað frá maí 1999 en einnig kemur breytingin fram á loftmynd sem var tekin árið 1996, en lóðarleigusamningur hafði ekki verið uppfærður til samræmis. Erindinu var frestað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. desember sl.

Möguleg tvöföldun hringtorgs við Njarðarbraut kallar á óbreytt lóðarmörk miðað við núverandi afmörkun og fram kemur á lóðarblaði frá maí 1999. Starfsmönnum umhverfissviðs falið að fylgja málinu eftir.

3. Grænásbraut 501 - Deiliskipulag (2020110303)

Borgarplast ehf. leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina. Gert verði ráð fyrir um 6600m² fermetra stækkun sem bætist við núverandi byggingu sem er um 4700 m². Heildarbyggingarmagn á 28.000m² lóð verði um 11.321m². Erindinu var frestað á fundi nr. 260, þann 20. nóvember sl. og voru endurbættir uppdrættir með nánari skilmálum varðandi uppbot og byggingarreiti lagðir fram. Auglýsingatíminn er liðinn og engar athugasemdir bárust.

Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

4. Kirkjubraut 28 – Fyrirspurn (2021030341)

Sveinn Gunnar Jónsson óskar eftir heimild til að reisa á lóð sinni bílskúr og tómstundaherbergi að lóðarmörkum til norðurs og austurs í samræmi við erindi dags. 6. mars 2021 frá Sigurði H. Ólafssyni.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.



5. Kalmanstjórn - Starfsmannahús (2020100016)

Benchmark Genetics Iceland hf. óskar heimildar til að reisa starfsmannaaðstöðu á lóð sinni við Nesveg 50. Deiliskipulag er í vinnslu.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3. Mikilvægt er að vinnu við deiluskipulag verði lokið sem fyrst.

6. Vatnsnesvegur 22 - Ný afstöðumynd (2020020019)

Sigríður Jónsdóttir leggur inn umsókn, móttækna 11. maí 2018, um byggingu 50m² bílskúrs. Erindið var afgreitt á fundi ráðsins þann 5. apríl 2019 með bókuninni: Aðkoma er þröng og er erindi samþykkt með því skilyrði að bílskúrin sé stytur um 80 cm og að 6 m séu að lóðarmörkum framan við bygginguna. Nú er erindið lagt aftur fram og er skúrin stytur en færður til á lóðinni.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

7. Algalíf - Ósk um endurskoðun ákvörðunar (2021020388)

Algalíf Iceland ehf. óskar eftir endurskoðun á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. febrúar 2021 um málsmeðferð og að heimilt verði að senda erindið í grenndarkynningu. En Algalíf óskar heimildar til að breyta deiliskipulagi Tæknivalla fyrir reit sem afmarkast af lóðunum Bogatröð 10, 12, 14, 16 og 18 í samræmi við fyrirspurnaruppdrátt Glóru ehf. dags. 5. febrúar 2021.

Erindi frestað.

8. Kirkjuvegur 8 - Umsókn um lóð (2021030029)

Gullhjartað ehf. sækir um lóðina Kirkjuveg 8 undir húsin sem nú standa á lóðunum Hafnargata 22 og Hafnargata 24.

Úthlutun samþykkt með fyrirvara að deiliskipulagstillagan Hafnargata 22-28, Klapparstígur 3-5 og Tjarnargata 2 verði samþykkt. Heimilt er að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gamla bæinn.

9. Njarðvíkurhöfn - Rammaskipulag (2020100160)

Skipulagsfulltrúi óskar heimildar til að vinna rammaskipulag svæðis sem afmarkast af Njarðvíkurhöfn, Sjávargötu, Njarðarbraut að Fitjabakka samhliða heildar endurskoðun aðalskipulags. Fyrir liggur stefna stjórnar Reykjaneshafna sem felst m.a. í því að Njarðvíkurhöfn verði útgerðarhöfn sveitarfélagsins með þjónustu við fiskveiðar og vinnslu. Unnið er að stækkun Njarðvíkurhafnarinnar og skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og stefnt er að þróun skipaþjónustuklasa á svæðinu sem á eftir að hafa fjölbreytt áhrif á bæinn út fyrir svæðið. Myndaður verði stýrihópur hagaðila, embættismanna og kjörinna fulltrúa sem móti vinnuna og fylgi verkefninu eftir. Hópurinn stýri þróun verkefnisins og sjái til þess að það samþættist starfsemi hafnarinnar, öðrum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og þróun viðskipta.

Umhverfis og skipulagsráð tilnefnir Róbert J. Guðmundsson í stýrihópinn og óskar eftir tillögu frá framtíðarnefnd og stjórn Reykjaneshafnar.

10. Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjaneshafnar (2020021391)

Umhverfis- og skipulagsráð og framtíðarnefnd hafa unnið saman að gerð nýrrar umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshafnar og voru drög að stefnunni send til umsagnar hjá nefndum og ráðum sveitarfélagsins ásamt Kólku sorpeýðingarstöð sf.



Umhverfis- og skipulagsráð þakkar barnaverndarnefnd, fræðsluráði, velferðarráði, menningar- og atvinnuráði, lýðheilsuráði, íþrótt- og tómstundaráði, stjórn Reykjaneshafnar, öldungaráði og Kölkusorpeyðingarstöð fyrir yfirferð og umsagnir um Umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshafnar.

Umsagnir og athugasemdir þessar munu nýtast vel við gerð aðgerðaáætlunar sem unnin verður í framhaldi af samþykkt stefnunnar.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda Umhverfis- og loftslagsstefnuna til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

11. Eikardalur 13 – Umsókn um lóð (2021030248)

Ljósbrá M. Bjarnadóttir sækir um lóðina Eikardalur 13.

Lóðarúthlutun samþykkt.

12. Flugvellir 23 – Umsókn um lóð (2021030175)

Davíð P. Viðarsson sækir um lóðina Flugvellir 23.

Lóðarúthlutun samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.50